



Brennsla á legslímhúð í legi með Novasure aðferð

Dagaðgerð á kvenlækningadeild

Novasure er tæki sem er notað til að brenna legslímhúð í legi til að minnka blæðingar. Aðferðin er notuð hjá konum sem hafa lokið barneign og eru með ríkulegar blæðingar sem hafa ekki svarað annarri meðferð. Um 91% kvenna greina frá minni eða engum blæðingum einu ári eftir meðferð.

Aðgerðin er gerð í stuttri svæfingu eða staðdeygingu á skurðstofu. Áður en brennslan er framkvæmd er legholið speglað og tekið sýni eða fjarlægðar breytingar (sepa eða vöðvahnúta) ef þarf. Síðan er Novasure tækið sett inn í legið og sjálf brennslan tekur að hámarki tvær mínútur.

Hægt er að framkvæma aðgerðina hvenær sem er í tíðahringnum.

Undirbúningur

Blóðþynningarlyf

Ef þú ert á blóðþynnandi meðferð þarf að láta vita við innköllun í aðgerð.

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynnandi meðferð er það gert í samráði við lækna kvennaeildar.

Símaviðtal vegna svæfingar eða deyfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef frekari rannsókn eða upplýsinga er þörf er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina. Gott er að hafa lyfjalista tiltækan í símtalinu svo hægt sé að ákveða hvaða lyf má taka fyrir aðgerð. Í símtalinu er spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

Pungunarpróf

Fyrir aðgerð þarf að liggja fyrir neikvætt þungunarpróf. Ráðlagt er að taka þungunarpróf heima daginn fyrir meðferð.

Kvöldið fyrir aðgerð

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu sex klukkustundir fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi, tærir orkuríkir drykkir og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu tvær klukkustundir fyrir komu á spítalann.

Aðgerðardagur

Mæting er á kvenlækningadeild 21A á 1. hæð kvennadeildarhúss Landspítala við Hringbraut klukkan 07:15. Starfsmaður vitjar þeirra sem mæta til aðgerðar á biðstofu í anddyri.

Fyrir komu á deild þarf að vera búið að:

- Fasta á mat frá klukkan 02:00 en drekka má tæran drykk til klukkan 06:00.
- Fara í sturtu heima að morgni aðgerðardags. Ekki nota húðkrem eða ilmefni eftir sturtuna.
- Fjarlægja skartgrip og naglalakk.
- Klæðast hreinum fötum.

Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við lækni eða hjúkrunarfræðing. Við komu á deild fer hjúkrunarfræðingur yfir undirbúning fyrir aðgerðina. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist.

Eftir aðgerð tekur við stutt dvöl á vöknunardeild og þaðan farið aftur á kvenlækningadeild 21A.

Mögulegir fylgikvillar aðgerðar

- Gat á legi eftir legspeglun er sjaldgæfur en mögulegur fylgikvilli sem hefur sjaldan alvarlegar afleiðingar í för með sér. Ef það gerist þarf að fresta Novasure meðferð.
- Sýking sem þá er meðhöndluð með sýklalyfjum.
- Blæðing sem sjaldan er ríkuleg.

Verkir

Búast má við verkjum sem líkjast túrverkjum eftir aðgerð. Verkjalyf eru gefin eftir þörfum við komu á deild.

Þvaglát

Eftir aðgerðina getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

Útskrift

Útskrift er samdægurs. Fyrir heimferð veitir hjúkrunarfræðingur útskriftarviðtal.

Útskriftarfræðsla

Verkir og verkjalyf

Eðlilegt er að finna fyrir miklum túrverkjum fyrsta sólarhringinn eftir aðgerð og eftir það vægum túrverkjum í 1-2 vikur. Ráðlagt er að taka paracetamol og ibuprofen til verkjastillingar fyrir þá sem þola það. Hámarks-skammtur af paracetamol er 1 gr fjórum sinnum á sólarhring og ibuprofen 400 mg fjórum sinnum á sólarhring.

Blæðingar

Búast má við blæðingum frá leggöngum fyrstu dagana eftir aðgerð. Vatnskennd útferð getur síðan staðið yfir í allt að 4-6 vikur. Meðan blæðing eða útferð er til staðar þarf að forðast að:

- Fara í sund, bað eða heita potta.
- Nota túrtappa eða álfabíkar.
- Hafa samfarir.

Vinna

Ráðlagt er að taka því rólega og forðast áreynslu í 1-3 daga eftir meðferðina.

Getnaðarvörn

Novasure meðferð er einungis veitt konum sem hafa lokið barneign og ráðlagt er að nota getnaðarvörn eftir aðgerð. Ef óvænt þungun verður eftir meðferðina er ráðlögð fóstureyðing vegna áhættu við meðgöngu fyrir bæði móður og barn.

Eftirlit

- Ef sýni hefur verið tekið hringir læknir eða sendir skilaboð í Heilsuveru um niðurstöðu þess innan þriggja vikna frá aðgerð.
- Ekki er þörf á eftirskoðun nema það sé sérstaklega tekið fram.

Hafa þarf samband við móttöku kvenlækningadeildar ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Blæðing er það mikil að stórt bindi (næturbindi eða sambærilegt) fyllist á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Miklir verkir í kvið sem ráðlögð verkjalyf slá ekki á.
- Líkamshiti er hærri en 38,0°C.

Í neyðartilfellum er hringt í 112.

Ef erindið getur ekki beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við símavakt bráðabjónustu kvennadeildar.

Hafa má samband við kvenlækningadeild fyrstu fjórar vikurnar eftir aðgerð en eftir þann tíma er ráðlagt að hafa samband við heilsugæslu.

Símanúmer

Móttaka kvenlækningadeildar 21A, opin virka daga kl. 08:00-16:00 543 3224

Skiptiborð Landspítala (símavakt bráðabjónustu kvennadeildar) 543 1000

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.